

**From:** [Baldur Rafn Sigurðsson](#)  
**To:** [Ása Valdís Árnadóttir](#)  
**Subject:** Umsögn GOGG um stofnun lögbýlis  
**Date:** þriðjudagur, 31. mars 2026 21:36:44

---

Njarðvík 31.3.2026.

Ágæti oddviti Grímsness- og Grafningsshrepps  
Ása Valdís Árnadóttir, [oddviti@gogg.is](mailto:oddviti@gogg.is).

**Erindi; Stofnun lögbýlis á landbúnaðarlandi Árvegur 8 landeignarnúmer 199084. Fastanúmer 231-9362.**  
**Umsögn sveitarstjórnar Grímsness- og Grafningsshrepps (GOGG).**

Forsaga málsins er það að við hjónin keyptum 3 lóðir af Jóni og Elsu að Kringlu árið 2004. Allar eru þær innan sama skipulags og eru um 14 hektarar. Hús var byggt árið 2005 samkvæmt öllum þeim stöðlum sem giltu þá um húsnæði til heilsársbúsetu. Þessu kaupum fylgdi munnlegt loforð að hálfu sveitarstjóra að hitaveita yrði lögð að lóðum við Áveg frá borholu við Kringlu. Vonandi stendur það loforð enn. Við höfum síðan 2005 reynt með ýmsum ráðum að fá lóðir okkar skráðar sem lögbýli en ávallt strandað á einhverju.

Það breyttist margt eftir að Vigfús Þór Hróbjartsson fór að starfa hjá utu sem skipulagsfulltrúi, en hann aðstoðaði okkur og var einstaklega lausnarmiðaður. Hann leiðbeindi okkur í því ferli að stofna lögbýli. En nú er hann hættur.

Við sameinuðum 2 lóðir okkar sl. haust og var það Pétur Jónsson skipulagsfræðingur sem vann það verk fyrir og gerði svo kallað mælalað. Allt er sem sagt búið að gera sem HMS krefst samkvæmt reglugerðum og lögum til þess að hægt sé að vinna að framgangi þess að fá lögbýli.

Nú eigum við því eina stóra lóð ( sem var Árvegur 8 og 10) sem verður lögbýlið einnig eigum við Árveg 4. Öll þessi vinna hefur kostað okkur töluverða fjármuni. Einnig eigum við utan þessa skipulags tvær sumarbústaðarlóðir við Árveg. Á væntanlegri lóð sem við viljum stofna lögbýli er 64,8 fermetra heilsárshús, en það var byggt sem slíkt af Örk hf. Einnig 9,9 fermetra geymsla og svo er verið byggja rúmlega 25 fermetra geymslu sem verður grillhús. Verið er vinna að teikningum við það hús. Við höfum greitt frá árinu 2005 rúmar 6 milljónir króna til sveitarfélagsins.

Sveinn Sigurmundsson ráðunautur ( [sveinn@bssl.is](mailto:sveinn@bssl.is)) mun gefa mér umsögn er lítur að athugun á búrekstrarskilyrðum.

Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi í Atvinnuvegaráðuneyti (atr) hefur leiðbeint okkur varðandi gögn og hvað ráðuneytið þarf þegar það fellir úrskurð um stofnun lögbýlis. Í gögnum sem Kristín hefur sent okkur kemur fram að það fer mest eftir því hver umsögn sveitarstjórnar er varðar síðan úrskurð ráðuneytisins.

Það er stefna okkar hjóna að vera með hrossarækt sem kennd verður við lögbýlið og einnig trjárækt í smáum stíl. Einnig er stefnt að byggingu skemmu úr límtré og hesthúss. Gaman er geta þess að nafn lögbýlisins var ákveðið fyrir um 13 árum, þegar Birgir Thomsen, þá þjónandi prestur á Sólheimum kom með tillögum sem við féllum fyrir. Vonum við að þetta verði nú að veruleika þessum 13 árum seinna.

Nú erum við að leggja inn beiðni um jákvæða umsögn sveitarstjórnar GOGG en samkvæmt lögum er það sveitarstjórnar að gera slík. Við höfum rætt við byggingarfulltrúa á utu, sem tjáði okkur að heilsárshúsnæði okkar að Árvegi samræmdist ekki núverandi byggingarreglugerð að teljast íbúðarhús því hæð í

